

Orkugerðin ehf
Ólafur Wernersson
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík 24. maí 2019
UST201901-189/gf
08.10.02

Varðar vettvangsheimsókn 2019 - Orkugerðin ehf. Flóahreppi

Þann 23. apríl sl. fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar í vettvangsheimsókn í Orkugerðina ehf., Heiðargerði 5 í Flóahreppi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar. Þrjú eldri frávik eru enn opin (sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu).

Virðingarfyllst.


Gottskálk Friðgeirsson


Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis (tölvupóstur)

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	23.4.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu en þrjú eldri frávik eru enn opin.

Rekstraraðili sendi inn erindi með beiðni um að afleggja olíumannvirki á lóðinni og er það til afgreiðslu hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun fer fram á tímasettar úrbótaáætlunar gagnvart hinum tveimur frávikunum þar sem áætlaðar tímasetningar í fyrri úrbótaáætlunum stóðust ekki.

Engar athugasemdir eða ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Orkugerðinni ehf. Heiðargerði 5 í Flóahreppi austan Selfoss. Ólafur Wernersson var fulltrúi rekstraraðila, Einar Halldórsson og Gottskálk Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Orkugerðin ehf. er með undanþága frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna starfsleyfis en starfsleyfið rann út þann 27. febrúar 2019. Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó ekki lengur en til 31. desember 2019. Starfa skal á undanþágutímanum í samræmi við útrunnið starfsleyfi sem gefið var út af helbrigðisnefnd Suðurlandsvæðis 27. febrúar 2007.

Starfsleyfið gildir fyrir eyðingu dýraleifa og framleiðir Orkugerðin úr þeim próteinmjöl og fitu. Tekið er við framleiðsluleifum frá sláturhúsum og kjötvinnslum í hráefnismóttoku rekstraraðila sem er innandyra. Vinnslan byrjar þegar flutningabílar sturta hráefnumunum í síló. Snigill færir efnin í hakkara og spjalddæla áfram í sjóðaraná. Í sjóðurum gufa 60% til 70% af efnunum upp sem vatnsgufa en það sem ekki gufar upp fer með snigli í pressu. Í pressunni þrystist vökvinn sem er mest dýrafita (ca. 14%) úr soökökunni (ca. 18%) sem fer áfram í þurrkara og millu (hamrakvörn) og síðan í mjölsíló og er í lokin pokað í stórasekk.

Fyrirtækið hefur framleitt úr nærrí 3.000- 5.000 tonnum af hráefni árlega. Heildar framleiðslugeta á ári er um 7.000 tonn af hráefni. Unnið er í lotum í verksmiðunni sem hver er um ein vika og eru um 60-85 tonn af hráefni í hverri lotu. Fita fer síðan í díkanterskilju til hreinsunar og þaðan á upphitaða birgðatanka (60°C). Fita hefur safnast upp utandyra í 1000 L bönbum þar sem verið er að finna fitunni farveg sem söluvöru. Orkugerðin notar sjálf fitu sem eldsneyti.

Dagskrá:

- Útafstandandi atriði frá fyrri eftirlitum
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
- Kröfur í starfsleyfi
- Skráningar og skýrslur
- Umhverfismarkmið

Skoðun í fyrirtækinu

1. Útafstandandi atriði frá fyrri eftirlitum

Fundið hefur verið að geymslu framleiðsluvvara utandyra, sjá eftirlitsskýrslu frá 26.3.2018. Í grein 2.1 í starfsleyfi rekstraraðila segir m.a. að allt hráefni, öll unnin vara svo og allur úrgangur skuli geymdur innan dyra verksmiðjunnar. Frávikið er enn opið þar sem stór hluti fitunnar sem verður til í framleiðslunnar safnast upp á lóð verksmiðjunnar svo og ýmis úrgangur m.a. járn og timbur eru í haugum utandyra. Kröfur um úrbætur eru ítrekaðar.

Fundið var að frágangi á lóð og þótti umgengni ábótavant bæði norðan og sunnan verksmiðjunnar, sjá eftirlitsskýrslu frá 26.3.2018. Í grein 2.3 í starfsleyfi rekstraraðila segir að halda skuli húsnaði og lóð snyrtilegri. Vinna þarf niður moldarhauga sem fluttir hafa verið á lóð verksmiðjunnar og sá í moldarflög. Frávikið er enn opið þar sem úrbótum við tiltekt á lóð er ekki lokið. Kröfur um úrbætur eru ítrekaðar.

Fundið var að umgengni og prófunum á olíumannvirkjum, sjá eftirlitsskýrslu frá 13.9.2018. Olíugeymir og olíulagnir hafa ekki verið prófaðar eins og kröfur eru um í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Erindi barst nýlega frá rekstraraðila með beiðni um að fyrirtækið mætti afleggja olíumannvirki enda ekki lengur notuð undir olíu. Geymir og lagnir eru nú notuð undir storknaða fitu sem hefur safnast upp í verksmiðjunni. Frávikið er enn opið enda erindið ekki verið afgreitt af Umhverfisstofnun. Úrbóta er krafist.

2. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokka mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

3. Kröfur í starfsleyfi

Á fundinum var farið yfir útblástur og hreinsun útblásturslofts, frárennsli og hreinsun frárennslis, úrgangsmál og flokkun úrgangs og spilliefna. Hljóð og hávaða frá starfseminni og lykt og nálægð við byggð/hágranna. Engin ný frávik eða athugasemdir/ábendingar voru gerðar. Sjánlegur árangur hefur orðið af átaki í umhverfismálum verksmiðjunnar. Enn eru þó ekki öll mál í höfn.

Væntanlegt er nýtt starfsleyfi á árinu með nýjum og uppfærðum kröfum til umhverfismála. Deiliskipulag er frá 16. janúar 1996.

4. Skráningar og skýrslur

Skoðaðar voru skráningar sem kröfur eru um. Á síðasta ári var skráð frávik vegna greinar 4 í starfsleyfinu sem fjallar um eigið eftirlit. Úrbætur hafa verið gerðar og er skráð á vinnublöð sem síðan er fært af inn í miðlægja kerfi í tölvu. Frávikinu var lokað með bréfi stofnunarinnar frá 29. nóvember 2019. Skráningar verða áfram skoðaðar í vettvangsferðum stofnunarinnar.

Skýrslur um grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir árið 2018 hafa borist stofnuninni.

5. Umhverfismarkmið

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið og rætt um mikilvægi þess að starfsmenn séu upplýstir um umhverfismarkmið fyrirtækisins. Þannig að allir séu að róa samtaka og í sömu átt að því að ná markmiðunum.

Skoðun í fyrirtækinu

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Gengið meðfram sjóðurum, pressum, skiljum, burkurum og kvörn og áfram inn í mjölgeymslu. Utandyra var gengið í kring um verksmiðjuna. Árekstrarvörn er komin á neyslugeymi og húusageymi. Mikið magn fitubamba hafa safnast upp bakatil á lóðinni en fjallað er um það í lið 1 hér að framan.

ÁBENDINGAR

Engar athugasemdir eða ábendingar voru gerðar.

ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.05.2019


Gottskálk Friðgeirsson